

STJÓRNARTÍÐINDI B 81 – 1999

9. september 1999

1753

Nr. 592

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 420/1999 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á kartöflum, bökunar, í 2. gr. reglugerðarinnar:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0701.9000	Kartöflur, bökunar, 65 mm og stærri	10.09. - 30.09.99	ótilgr.	15	30

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. september 1999.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

2. september 1999

Nr. 593

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 625 22. desember 1987, með síðari breytingum.

1. gr.

14. gr. orðist svo:

Enga atvinnu, sem tálmar umferð, má reka á almannaferi.

Borgarstjórn er heimilt að setja samþykktir um farandsölu og sölu á götum og torgum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 36 18. maí 1998 um lögreglusamþykktir, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. september 1999.

F. h. r.
Björg Thorarensen.

Stefán Eiríksson.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 770/1998 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.

1. gr.

Við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0602.9093	Aðrar pottaplöntur til og með 1 m á hæð	01.10.-31.12.99	1.200	30	0
0603.1009	Annars (Afskorin blóm)	01.10.-31.12.99	3.200	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. september 1999.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.